

# Alpha Metallic

## Málning með málmgljáa



### Efnislýsing

Alpha Metallic er vatnspýnnað akrýlmálning með málmgljáa, ætluð til notkunar innanhúss. Hún fæst í öllum algengustu málmtonunum, svo sem gulli, silfri, messing og kopar, en einnig í mörgum öðrum sanseruðum litum. Alpha Metallic er leysiefnalaus og lykhtarlítill. Hún er mjög auðveld í notkun og hylur afar vel.

Alpha Metallic er ætluð sem ysta málningarlag á steypa fleti, við, gifs, múrverk, veggfóður o.fl.

### Meðhöndlun

- Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu, útfellingar og önnur óhreinindi. Ef flöturinn er duftsmítandi eða mjög gljúpur skal grunna með Nordsjö Microdispers.
- Mattið niður gljáandi fleti með sandpappír.
- Grunnið með mattri málningu eða Alpha Metallic. Litir grunnmálningar fyrir helstu málmtona:
 

Ál: ON.00.69	Brons: F2.20.50
Ljóst gull: F6.05.70	Gull: F6.15.65
Messing: G0.05.70	Kopar: E0.25.55
Platína: L0.05.55	Stál: T0.20.50
Ryðfrítt stál: S0.05.55	Silfur: ON.00.64
- Málið 1-2 umferðir af Alpha Metallic. Mælt er með að rúlla yfir flötinn í eina átt eftir málun á meðan málningin er enn blaut (passið að hafa filmuna nógu þykka). Athugið: Þegar notaðir eru mjög dökkir litir á stærri fleti sem eru rennislétir er mælt með að nota málningarsprautu. Ekki er ráðlegt að nota Alpha Metallic á gamla olíu- og alkýðmálningu í votrymum eða herbergjum með háu rakastigi, svo sem baðherbergjum og eldhúsum.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss  
**Tegund:** Akrýl  
**Gljástig:** Satíngljái  
**Þéttleiki:** 1,07 kg/dm<sup>3</sup>  
**Hiti við málun:** Minnst 5°C  
**Rakastig:** Mest 85%  
**Þurrefni:** 52-65% af vigt og 37-45% af rúmmáli  
**Þornun við 20°C og 65% raka:** Snertipurr: Um 1 klst. Yfirmálun: 4 klst  
**Þynning:** Vatn  
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, loftsprautur  
 Loftsprautur:  
 Þynning með vatni (um 10%)  
 Þrýstingur úða: 3-4 bör  
 Spíssastærð: 1,8-2,2 mm  
**Þekja:** Um 11-13 m<sup>2</sup>/l (veitur mikið á undirlagi og aðferð og aðstæðum)  
**Hula:** Full hula næst yfirleitt með einni umferð  
**Litur:** 55 málm litir  
**Umbúðir:** 1 og 2,5 lítra dósir  
**Hreinsun:** Vatn  
**Geymsla:** Minnst 12 mánuðir í upprunalegum og óopnuðum umbúðum. Geymist í þurru, frostfríu rými við 5-30°C  
**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/l) mest 200 g/l (2010). Alpha Metallic inniheldur mest 35 g/l

Varan er í samræmi við **BREEAM HEA 9**